



Dagsetning: 22. nóvember 2024  
Málsnúmer: 2409127/2.4

### Til bæjarráðs

## Um álagningu fasteignagjalda 2025

Í samantekt fjármálastjóra frá 3. júní 2024 kom fram að fasteignamat hækkar að meðaltali um 8,6% á milli árunna 2024 og 2025. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis breytist misjafnlega mikið á milli tegunda húsnæði og milli byggðakjarna. Að meðaltali hækkar fasteignamat íbúðarhúsnæði mest hlutfallslega á Breiðdalsvík en minnst hlutfallslega á Reyðarfirði. Fasteignaskattur, lóðarleiga og fráveitugjöld breytast í samræmi við fasteignamat en vatnsgjöld og sorphreinsunar- og eyðingargjöld samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar um krónutölubreytingar.

Ef álagningarstuðlar verða óbreyttir milli ára, vatnsgjöld hækka til samræmis við þegar samþykktar breytingar um 5,6% og sorphreinsunar- og eyðingargjöld um 18% í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu þá breytist álagning fasteignagjalda sem hér segir á milli ára:

	2024	2025	Breyting	%
Fasteignaskattur samtals	736.063.753	795.157.240	59.093.487	8,0%
Lóðarleiga samtals	128.607.488	139.713.975	11.106.487	8,6%
<b>Fasteignaskattur og lóðarleiga samtals</b>	<b>864.671.241</b>	<b>934.871.215</b>	<b>70.199.974</b>	<b>8,1%</b>
Fráveitugjöld	276.149.263	300.505.164	24.355.901	8,8%
Vatnsgjöld	191.355.104	202.070.990	10.715.886	5,6%
Sorpgjöld	179.443.692	212.208.003	32.764.311	18,3%
<b>Álagning samtals</b>	<b>1.511.695.250</b>	<b>1.649.740.017</b>	<b>138.044.767</b>	<b>9,1%</b>

Þar af hækkar fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis að meðaltali um 9,9% en atvinnuhúsnæði um 6,9%.

Ef álagningarstuðull fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis verður lækkaður úr 0,424% í 4% eða um 5,7% þá lækkar álagður fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði um 19,1 m.kr. Heildarálagning fasteignagjalda breytist þá milli ára sem hér segir:

	2024	2025	Breyting	%
Fasteignaskattur samtals	736.063.753	776.100.853	40.037.100	5,4%
Lóðarleiga samtals	128.607.488	139.713.975	11.106.487	8,6%
<b>Fasteignaskattur og lóðarleiga samtals</b>	<b>864.671.241</b>	<b>915.814.828</b>	<b>51.143.587</b>	<b>5,9%</b>
Fráveitugjöld	276.149.263	300.505.164	24.355.901	8,8%
Vatnsgjöld	191.355.104	202.070.990	10.715.886	5,6%
Sorpgjöld	179.443.692	212.208.003	32.764.311	18,3%
<b>Álagning samtals</b>	<b>1.511.695.250</b>	<b>1.630.683.631</b>	<b>118.988.381</b>	<b>7,9%</b>

Lækkun álagningarstuðuls íbúðarhúsnæðis leiðir til þess að fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis hækkar um 3,7% að meðaltali á milli árunna 2024 og 2025.



Lækkun á álagningarstuðli fasteignaskatts hefur áhrif á fasteignaskattsjöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs en framlagið mun lækka þar sem það miðast við ákveðnar forsendur um álagningarstuðla sveitarfélaga. Ekki er hægt að reikna breytinguna fyrir fram en ef þessi breyting hefði gilt um fasteignaskattsjöfnunarframlagið fyrir árið 2024 hefði framlagið lækkað um 11,4 m.kr. og farið úr 271,3 m.kr. niður í 259,9 m.kr. Á móti kemur að reiknuð skerðing útgjaldajöfnunarframlags Jöfnunarsjóðs vegna tekna hefði lækkað og útgjaldajöfnunarframlagið hækkað á móti um 11 m.kr. Nettó áhrifin hefðu verið lækkun framlaga um 3,1 m.kr.

Í heildina myndi lækkun álagningarstuðuls íbúðarhúsnæðis um 5,7% leiða til lækkunar tekna Fjarðabyggðar um 22,2 m.kr. að öllum öðrum forsendum óbreyttum.

Snorri Styrkársson  
Fjármálastjóri